

HEILBRIGÐISNEFND HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
23. fundur – 24. janúar 2000

Fundargerð

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 24. janúar 2000 kl. 17:15 að Garðatorgi 7, Garðabæ.

Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdarstjóra og Sigurborgar Daðadóttur, skrifstofustjóra.

Eftirfarandi mál voru tekin fyrir samkvæmt dagskrá:

**1. Fundargerð 22. fundar heilbrigðisnefndar.**

Samþykkt.

**2. Samtök atvinnulífsins.**

Lagt fram bréf Samtaka atvinnulífsins frá 7. janúar s. l. þar sem Gestur Pétursson, verkfræðingur hjá Ísal er tilnefndur til setu í heilbrigðisnefnd í stað Guðrúnar Þóru Magnúsdóttur.

**3. Fundargerð 15. starfsmannafundar frá 19. janúar 2000.**

**3.1 Starfsleyfi.**

**3.1.1 Akurholt 1, Hafnarfirði - grunnskóli.**

Lögð fram umsókn Helgu Friðfinnsdóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar vegna Hvaleyrarskóla kt: 570890-2049, dags. 18. janúar 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla með fullbúnu eldhúsi að Akurholti 1, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

**3.1.2 Austurhraun 5, Garðabæ - kæli- og frystigeymsla.**

Lögð fram umsókn Friðriks Magnússonar f.h. Kartöfluverksmiðju Þykkvabæjar, kt: 680981-1919, dags. 27. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kæli- og frystigeymslu að Austurhrauni 5, Garðabæ. Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

**3.1.3 Bikhella 5, Hafnarfirði - járn-, ál- og stáliðnaður.**

Lögð fram umsókn Sigurðar Hallgrímssonar f.h. Rafmagns og Stáls ehf. kt: 440997-2529, dags. 28. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs járn-, ál- og stáliðnaðarfyrirtækis að Bikhelli 5, Hafnarfirði. Breytingar á húsnæði.

Samþykkt starfsleyfi til 15 ára með skilyrðum sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfseminna, með fyrirvara um að ekki komi athugasemdir við kynningu, sbr. 9. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 785/1999.

**3.1.4 Breiðumýri, Bessastaðahreppi - grunnskóli.**

Lögð fram umsókn Sveinbjörns M. Njálssonar f.h. Álftanesskóla kt: 671088-4769, dags. 3. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs grunnskóla án mötuneytis við Breiðumýri, Bessastaðahreppi. Endurnýjun.

Samþykkt starfsleyfi.

**3.1.5 Breiðumýri, Bessastaðahreppi - íþróttahús.**

Lögð fram umsókn Ómars Stefánssonar, f. h. Bessastaðahrepps, kt: 440169-6869 f.h. Íþróttamiðstöðvar Bessastaðahrepps, dags. 4. janúar 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs íþróttasalar, sundlaugar og samkomusalar við Breiðumýri, Bessastaðahreppi. Endurnýjun.

Samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

**3.1.6 Bæjarbraut, Garðabæ - leikskóli.**

Lögð fram umsókn Jóhönnu Bjarkar Jónsdóttur f. h. Bæjarsjóðs Garðabæjar, kt: 570169-6109 f.h. Leikskólans Bæjarbóls, dags. 17. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi við Bæjarbraut, Garðabæ. Endurnýjun.

Samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

### 3.1.7 Bæjarlind 1-3, Kópavogi - snyrtistofa.

Lögð fram umsókn Sigurlaugar Jónsdóttur, kt: 030863-2089 f.h. Snyrtistofunnar Mærinnar, dags. 28. nóvember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs snyrtistofu að Bæjarlind 1-3, Kópavogi. Ný starfsemi. Samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

### 3.1.8 Dalshraun 10, Hafnarfirði - sælgætisframleiðsla.

Lögð fram umsókn Borgþórs Péturssonar f.h. Sælgætisgerðarinnar Driftar sf., kt: 551065-0229, dags. 14. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til sælgætisframleiðslu að Dalshrauni 10, Hafnarfirði. Endurnýjun. Samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

### 3.1.9 Flatahraun, Hafnarfirði - leikskóli.

Lögð fram umsókn Bryndísar Garðarsdóttur f.h. Hafnarfjarðarbæjar, kt: 590169-7579, vegna Leikskólans Hraunkots, dags. 15. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi við Flatahraun í Hafnarfirði. Endurnýjun. Frestað.

### 3.1.10 Flatahraun 12, Hafnarfirði - mötuneyti.

Lögð fram umsókn Stefáns Þórarinssonar f.h. Nýsis h.f. kt:690191-1219, vegna Iðnskólans í Hafnarfirði, dags. 2. janúar 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs móttökueldhúss í framhaldsskóla að Flatahrauni 12, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

### 3.1.11 Flatahraun 12, Hafnarfirði - framhaldsskóli.

Lögð fram umsókn Jóhannesar Einarssonar f.h. Iðnskólans í Hafnarfirði, kt. 660169-2889, dags. 19. janúar 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs í framhaldsskóla að Flatahrauni 12, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Samþykkt starfsleyfi.

### 3.1.12 Gilsbúð 9, Garðabæ - matvælaframleiðsla.

Lögð fram umsókn Bjarna Sveinssonar f.h. Sóma ehf., kt: 630293-2279, dags. 17. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu tilbúinna rétta að Gilsbúð 9, Garðabæ. Endurnýjun. Samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

### 3.1.13 Hjallahraun 15, Hafnarfirði - matsölustaður.

Lögð fram umsókn Helga Vilhjálmssonar f.h. Kentucky fried chicken ehf. kt: 540198-3149, dags. 6. janúar 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matsölustaðar að Hjallahrauni 15, Hafnarfirði. Eigendaskipti/ný kennit. Samþykkt starfsleyfi.

### 3.1.14 Hlíðasmári 9, Kópavogi - tölvuskóli.

Lögð fram umsókn Sigurðar S. Pálssonar f.h. Nýja tölvu- og viðskiptaskólans Smár ehf., kt: 680499-2179, dags. 6. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fræðslustarfsemi á æðra námsstigi án mötuneytis að Hlíðasmára 9, Kópavogi. Ný starfsemi. Samþykkt starfsleyfi.

### 3.1.15 Hlíðasmári 17, Kópavogi - tannlæknastofa.

Lögð fram umsókn Ingigerðar Á Guðmundsdóttur f.h. Domus Dentis ehf., kt: 590599-2479, dags. 6. janúar 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tannlæknastofu að Hlíðasmára 17, Kópavogi. Ný starfsemi. Frestað.

### 3.1.16 Hofstaðabraut, Garðabæ - leikskóli.

Lögð fram umsókn Jóhönnu Bjarkar Jónsdóttur f. h. Bæjarsjóðs Garðabæjar, kt: 570169-6109 f.h. Leikskólans Lundaból, dags. 17. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi við Hofstaðabraut, Garðabæ. Endurnýjun. Samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

### 3.1.17 Hringbraut 77, Hafnarfirði - sundstaður.

Lögð fram umsókn Daníels Péturssonar f.h. Bæjarsjóðs Hafnarfjarðar, kt: 590169-7579, vegna Suðurbæjarlaugar, dags. 4. janúar 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs sundlaugar að Hringbraut 77, Hafnarfirði. Endurnýjun. Samþykkt starfsleyfi til 4 ára.

### 3.1.18 Hvaleyrarbraut 23, Hafnarfirði - áfangaheimili.

Lögð fram að nýju umsókn Guðmundar Jónssonar f.h. Byrgisins kt:461196-2099, dags. 17. nóvember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs afeitrunardeildar að Hvaleyrarbraut 23, Hafnarfirði. Lögð fram umsögn Landlæknisembættisins dags. 14. desember 1999 og bréf Byrgisins dags. 12. janúar 2000, þar sem óskað er eftir fresti til 15. febrúar 2000 til að afla frekari gagna. Ný starfsemi.  
Frestað.

### 3.1.19 Hæðarbraut, Garðabæ - leikskóli.

Lögð fram umsókn Jóhönnu Bjarkar Jónsdóttur f. h. Bæjarsjóðs Garðabæjar, kt: 570169-6109 vegna Leikskólans Hæðarból, dags. 17. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi við Hæðarbraut, Garðabæ. Endurnýjun.  
Samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

### 3.1.20 Hæðarsmári 6, Kópavogi - matvöruverslun.

Lögð fram umsókn Sigmundar Ófeigssonar f.h. Matbæjar ehf. kt: 700499-4139, dags. 17. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs matvöruverslunar án vinnslu að Hæðarsmára 6, Kópavogi. Ný starfsemi.  
Samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

### 3.1.21 Kirkjulundur, Garðabæ - leikskóli.

Lögð fram umsókn Jóhönnu Bjarkar Jónsdóttur f. h. Bæjarsjóðs Garðabæjar, kt: 570169-6109 vegna Leikskólans Kirkjuból, dags. 17. desember 1999 þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi við Kirkjulund í Garðabæ. Endurnýjun.  
Samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

### 3.1.22 Kirkjulundur 11, Garðabæ - tónlistarskóli.

Lögð fram umsókn Gísla Magnússonar f.h. Tónlistarskóla Garðabæjar, kt: 650269-0129, dags. 6. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tónlistarskóla að Kirkjulundi 11, Garðabæ. Ný starfsemi.  
Samþykkt starfsleyfi.

### 3.1.23 v/Kópavogsbraut, Kópavogi - leikskóli.

Lögð fram umsókn Kópavogsbæjar, kt: 700169-3759 f.h. Leikskólans Stubbasels, dags. 12. janúar 2000, þar sem sótt er um tímabundið leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi við Kópavogsbraut, Kópavogi.  
Ný starfsemi.  
Samþykkt starfsleyfi til 1. september 2000 með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

### 3.1.24 Lyngás 10a, Garðabæ - bifreiðamálun og réttingar.

Lögð fram að nýju umsókn Sigurðar Jónssonar, kt: 200235-3719 f.h. Bílamálunar og réttinga, dags. 24. september 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs bifreiðamálunar og réttinga að Lyngási 10a, Garðabæ. Einnig lagt fram afrit af bréfi Heilbrigðiseftirlitsins frá 7. desember 1999. Ný starfsemi.  
Samþykkt að synja starfsleyfi.

### 3.1.25 Nýbýlavegur 14, Kópavogur - veitingasala.

Lögð fram umsókn Gunnars S. Guðjónssonar f.h. Pizza Pizza ehf. kt: 680795-2589, dags. 18. janúar 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingastaðar að Nýbýlavegi 14, Kópavogi. Ný starfsemi.  
Samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

### 3.1.26 Núpaland, Kópavogi - leikskóli.

Lögð fram umsókn Sesselju Hauksdóttur f. h. Kópavogsbæjar, kt: 700169-3759 vegna Leikskólans Núps, dags. 6. janúar 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi við Núpaland, Kópavogi. Ný starfsemi.  
Samþykkt starfsleyfi að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa og með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

### 3.1.27 Reykjavíkurvegur 68, Hafnarfirði - hárgreiðslustofa.

Lögð fram umsókn Sigurborgar Írisar Hólmgeirsdóttur f.h. Hárnets ehf. kt: 680599-3009, dags. 28. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Reykjavíkurvegi 68, Hafnarfirði. Ný starfsemi.  
Samþykkt starfsleyfi til 4 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

### 3.1.28 v/Skólatröð, Kópavogi - leikskóli.

Lögð fram umsókn Sesselju Hauksdóttur f.h. Kópavogsbæjar, kt: 700169-3759 vegna Leikskólans Skólatröð, dags. 12. janúar 2000, þar sem sótt er um tímabundið leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi við Skólatröð í Kópavogi.  
Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi til 1. september 2000 með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

### 3.1.29 Strandgata 32, Hafnarfirði - vistheimili.

Lögð fram að nýju umsókn Guðmunar Jónssonar f.h. Byrgisins kt: 461196-2099, dags. 17. nóvember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs áfangaheimilis að Strandgötu 32, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Samþykkt að vísa umsókn frá vegna ófullnægjandi gagna.

### 3.1.30 Strandgata 51, Hafnarfirði - tónlistarskóli.

Lögð fram umsókn Gunnars Gunnarssonar f.h. Tónlistarskóla Hafnarfjarðar, kt: 650269-3819, dags. 10. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs tónlistarskóla að Strandgötu 51, Hafnarfirði. Endurnýjun.

Samþykkt starfsleyfi.

### 3.1.31 Sörlaskeið 26, Hafnarfirði - samkomusalur/hestahald.

Lögð fram umsókn Einars Gunnars Bollasonar f.h. Íshesta ehf. kt: 600892-2749, dags. 14. janúar 2000, þar sem sótt er um leyfi til reksturs samkomusalar með fullbúnu eldhúsi og hestahald að Sörlaskeiði 26, Hafnarfirði.

Ný starfsemi.

Samþykkt starfsleyfi til 10 ára með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða, auk skilyrða sem fram koma í almennum og sértækum starfsreglum heilbrigðisnefndar sem gilda um starfsemina, og með fyrirvara um að ekki komi athugasemdir við kynningu, sbr. 9. gr. mengunarvarnareglugerðar nr. 785/1999.

Sigrún Ingólfssdóttir vék af fundi við afgreiðslu liðar 3.1.31

### 3.1.32 Vesturgata 18, Hafnarfirði - áfangaheimili.

Lögð fram að nýju umsókn Guðmundar Jónssonar f.h. Byrgisins kt: 461196-2099, dags. 17. nóvember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs áfangaheimilis að Vesturgötu 18, Hafnarfirði. Ný starfsemi.

Samþykkt að vísa umsókn frá vegna ófullnægjandi gagna.

### 3.1.33 Vífilstaðavegur, Garðabæ - leikskóli.

Lögð fram umsókn Jóhönnu Bjarkar Jónsdóttur f. h. Bæjarsjóðs Garðabæjar, kt: 570169-6109 vegna Leikskólans Sunnhvols, dags. 20. desember 1999, þar sem sótt er um leyfi til reksturs leikskóla með fullbúnu eldhúsi við Vífilstaði, Garðabæ. Endurnýjun.

Samþykkt starfsleyfi með fyrirvara um að innra eftirlit verði komið á innan 3 mánaða.

## 3.2 Umsagnir.

### 3.2.1 Skálaheiði 2, Kópavogi - Íþróttafélagið HK.

Lagt fram bréf Bæjarritara Kópavogsbæjar dags. 7. janúar 2000, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Óskars E. Óskarssonar kt: 080567-3329, sem sækir um endurnýjun á veitingaleyfi fyrir Íþróttafélagið HK, kt: 630981-0269 að Skálaheiði 2 Kópavogi. Samþykkt jákvæð umsögn.

### 3.2.2 Sörlaskeið 26, Hafnarfirði - Íshestar ehf.

Lagt fram bréf Sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 15. desember 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Einars Gunnars Bollasonar kt: 061143-4089, sem sækir um veitingaleyfi fyrir Íshesta ehf. kt: 600892-2749 að Sörlaskeiði 26 Hafnarfirði. Samþykkt jákvæð umsögn.

### 3.2.3 Sörlaskeið 26, Hafnarfirði - Íshestar ehf.

Lagt fram bréf Stjórnsýslu- og fjármálasviðs Hafnarfjarðabæjar dags. 22. desember 1999, þar sem óskað er umsagnar um umsókn Einars Gunnars Bollasonar kt: 061143-4089, sem sækir um áfengis-veitingaleyfi fyrir Íshesta ehf. kt: 600892-2749 að Sörlaskeiði 26, Hafnarfirði. Samþykkt jákvæð umsögn með tilliti til svipmóts.

Sigrún Ingólfssdóttir vék af fundi við afgreiðslu liðar 3.2.2 og 3.2.3.

## 3.3 Stöðumat

3.3.1 Lagðar fram niðurstöður á eftirliti með fiskvinnslufyrirtækjum árið 1999.

3.3.2 Lagðar fram niðurstöður á eftirliti með trésmíðaverkstæðum árið 1999.

3.3.3 Yfirlit yfir mælingar á neysluvatni árið 1999.

3.3.4 Skýrsla um brennur um áramótin 1999 – 2000.

3.3.5 Yfirlitsskýrsla eftirlits 1999.

3.3.6 Yfirlit almennra kvartana 1999.

3.3.7 Yfirlitsskýrsla hundaeftirlits 1999.

3.3.8 Yfirlit kvartana vegna hundahalds 1999.

### **3.4 Önnur mál.**

#### **3.4.1 Staðarhvamur 1, Hafnarfirði.**

Kvörtun íbúa að Staðarhvammi 1, Hafnarfirði yfir rekstri vídeóleigu í sama húsi, ítrekun á bréfi rituðu 22. ágúst 1998. Einnig lagt fram bréf Sigurðar Á. Ragnarssonar, starfsleyfishafa, dags. 22.12.1999 þar sem sjónarmið hans koma fram. Auk þess er lögð fram greinargerð heilbrigðisfulltrúa.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

"Heilbrigðisnefnd telur að starfsleyfishafi uppfylli skilyrði laga og reglugerða sem um starfsemina gilda og húsnæðið er samþykkt sem þjónustu- og verslunarhúsnæði. Kvartanir snúa að hegðun ungmenna fyrir utan húsnæðið. Aðgerðir af hálfu heilbrigðisnefndar eiga því ekki við."

#### **3.4.2 Mengunarvarnareglugerð.**

Lagt fram bréf frá umhverfisráðuneyti dags. 21. desember 1999, þar sem tilkynnt er um útgáfu mengunarvarnareglugerðar nr. 786/1999 og að Hollustuvernd ríkisins sé falið að samræma mengunarvarnaeftirlit í landinu og að áætlun þess efnis skuli liggja fyrir eigi síðar en 1. júní 2000.

#### **3.4.3 Kópavogshöfn.**

Lagt fram bréf frá Kópavogshöfn dags. 17. janúar 2000, varðandi fræðslufund 9. febrúar 2000 um mengunarvarnir.

## **4. Yfirlit um starf heilbrigðisnefndar á árinu 1999.**

### **5. Staðardagskrá 21 - Yfirmarkmið Hafnarfjarðarbæjar**

Lagt fram bréf Hafnarfjarðarbæjar dags. 31. desember 1999, þar sem óskað er umsagnar um drög að yfirmarkmiðum Hafnarfjarðarbæjar vegna Staðardagskrár 21. Afgreiðslu frestað milli funda.

### **6. Förgun úrgangs.**

Lagt fram bréf Sorpu frá 13.1.2000 þar sem boðað er til fundar föstudaginn 4. febrúar 2000 um úrgangs- og endurvinnsluhluta staðardagskrár 21 verkefnisins. Formaður greindi frá fundi þann 12. janúar s.l. með formönnum heilbrigðis- og umhverfisnefnda á höfuðborgarsvæðinu um sama mál. Ákveðið að formaður boði til samráðsfundar með formönnum umhverfis- og staðardagskrárnefnda í umdæminu.

### **7. Campylobacter.**

Lagðar fram til kynningar tillögur nefndar umhverfisráðherra um framkvæmd mála í framhaldi af skýrslu Hollustuverndar ríkisins, Landlæknisembættisins og embættis yfirdýralæknis til ráðherra í nóvember 1999 um könnun á útbreiðslu campylobacter.

### **8. Vatnsvernd á höfuðborgarsvæði**

Lögð fram árskýrsla framkvæmdarstjórnar um eftirlit á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 1999.

## **9. Önnur mál.**

### **9.1 Lindabakarí ehf.**

Lagt fram bréf Hjálmmfríðar Jóhannsdóttur, f.h. Lindabakarís ehf. þar sem óskað er framlengingar á fresti til 17. mars 2000 til uppsetningar innra eftirlits. Samþykkt að veita umbeðinn frest.

### **9.2 Heilbrigðissamþykkt um umgengni og þrifnað utan húss**

Lögð fram tillaga að heilbrigðissamþykkt um umgengni og þrifnað utan húss í Bessastaðahreppi, Garðabæ, Hafnarfirði og Kópavogi. Tillaga að heilbrigðissamþykktinni er lögð til í framhaldi af breytingum sem gerðar hafa verið á mengunarvarnareglugerð og heilbrigðisreglugerð.

Heilbrigðisnefnd mælir með við sveitastjórnir í umdæminu að heilbrigðissamþykktin verði sett.

### **9.3 Norðurtún 7, Bessastaðahreppi.**

Lagt fram afrit af bréfi til eiganda Norðurtúns 7 í Bessastaðahreppi frá 13. desember s.l um nauðsynlega lóðarhreinsun og afrit af símskeyti til sama aðila 21. janúar 2000 um sama mál. Heilbrigðisnefnd felur heilbrigðisfulltrúa að fylgja eftir að lóðin verði hreinsuð á viðunandi hátt og beita þvingunarúræðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir ef þörf krefur.

### **9.4 Hundahald, gjaldskrá - breytingatillaga.**

Rætt um samræmingu á eftirliti með hundahaldi og væntanlega heilbrigðissamþykkt. Í ljós hefur komið að lengri tíma þarf til að afgreiða tillögu að heilbrigðissamþykkt og gjaldskrá. Lagt er til að eftirfarandi bráðabirgðaákvæði verð bætt viðgjaldskránnu: "Þátt fyrir ákvæði 5. gr. skal árið 2000 gjalddagi eftirlitsgjalds samkvæmt 3. gr. vera 1. maí og eindagi 1. júní."

### **9.5 Samningur um mengunarvarnaeftirlit.**

Lögð fram drög að samningi við Hollustuvernd ríkisins um yfirtöku á eftirliti samkvæmt grein 9.1. í reglugerð um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999. Framkvæmdastjóra falið að undirrita samninginn fyrir hönd Heilbrigðisnefndar.

### **9.6 Sumarafleysing og verkefnaráðning.**

Framkvæmdastjóra veitt heimild til að ráða starfsfólk í sumarafleysingu og verkefnavinnu samkvæmt starfsáætlun.

## **10. Úrskurður Kærunefndar jafnréttismála.**

Lagður fram úrskurður Kærunefndar jafnréttismála í málinu nr. 5/1999 frá 10. desember 1999.

Fleira ekki gert og fundi slitið 20:30.

Árni Sverrisson

Sigrún Ingólfssdóttir

Jón Bjarni Þorsteinsson

Sigurlaug Sigurðardóttir

Sigfríður Ingvarsdóttir

Sigurgeir Ólafsson

Gestur Pétursson